

Aðalfundur Félags Háskólakennara á Akureyri 29. maí 2008

Fundargerð

Mættir: alls mættu 21 félagsmaður

1. Fundur settur: Formaður félagsins, Þórir Sigurðsson, setti fund kl. 12:30 í stofu L 201 og skipaði Birgi Guðmundsson fundarstjóra og Hafðísi Skúladóttur fundarritara, með samþykki fundarmanna.
2. Fundargerð síðasta aðalfundar: hefur verið aðgengileg á heimasíðunni. Fundarstjóri bauð fundarmönnum að lesa hana upp en ekki reyndist þörf á því og var hún samþykkt samhljóða.
3. Ársskýrsla lögð fram: Þórir Sigurðsson fór yfir annál 1.06.2007-31.5.2008 þar sem hann tiltók hvað var tekið fyrir á 9 stjórnarfundum og 5 félagsfundum á þessu tímabili. Gefin voru út 3 fréttabréf og tók FHA þátt í 20 ára afmælishátíð H.A., haustferð og árhátíð. Fyrirspurn kom vegna breyttra skipunar háskólaráðs.
4. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram og skýrt frá fjárhag félagsins. Ársreikningi FHA fyrir 1. janúar-31. desember 2007 var dreift á fundinum. Finnur Friðriksson gjaldkeri kynnti reikningana. Reikningar voru samþykktir samhljóða.
5. Staðfesting á inntöku nýrra félaga: Fundarstjóri las upp nöfn nýrra félaga sem voru samþykktir með lófataki.
6. Ákvörðun um árgjald: Samþykkt óbreytt árgjald eða 1,2% af grunnlaunum
7. Tillögur til lagabreytinga: Engar tillögur komu fram um lagabreytingar.
8. Kosning stjórnar: Þórir Sigurðsson gaf ekki kost á sér sem formaður. Kjartan Ólafsson gaf kost á sér og er réttkjörinn formaður. Kosnir voru 2 aðalfulltrúar Páll Björnsson og Arnheiður Eypórsdóttir sem verða stjórnarmenn í 2 ár. Hafðís Skúladóttir verður í eitt ár í viðbót. Finnur Friðriksson var kosinn aðalmaður í 1 ár. Giorgio Barichello og Erlendur Steinar Friðriksson voru kosnir varamenn til eins árs. Samþykkt.
9. Samninganefnd: Tillaga var borin fram um að Helgi Gestsson, Hjördís Sigursteinsdóttir og Kjartan Ólafsson sitji í samninganefnd. Samþykkt.
10. Skoðunarmenn ársreikninga: Stefán Jóhannsson, og Stefán B. Gunnlaugsson voru endurkjörnir. Samþykkt.
11. Samstarfsnefnd FHA: Tillaga var borin fram um að Hjalti Jóhannesson, Helgi Gestsson og Sigurbjörg Rún Jónsdóttir sitji í samstarfsnefnd. Samþykkt.

12. Önnur mál:

Tillaga frá stjórn FHA vegna rannsóknamissera var kynnt af fráfarandi formanni: Aðalfundur Félags háskólakennara á Akureyri, haldinn 29. maí 2008, krefst þess að auknu fjármagni verði veitt til rannsóknamissera kennara á fjárhagsárinu 2009 þannig að unnt verði að samþykkja allar gildar umsóknir.

Umræða var um að þessi tillaga er sett fram vegna afgreiðslu nýjustu umsókna um rannsóknamisseri kennara eingöngu en ekki um leyfi vegna starfsþjálfunar. Tillagan var samþykkt samhljóða en 5 sátu hjá.

Tillaga stjórnar FHA vegna námssjóðs var kynnt af gjaldkera:

Umsóknir um styrki berist gjaldkera. Sækja má um styrk hvenær ársins sem er. Stjórn félagsins fundar alla jafna mánaðarlega yfir skólaárið og metur á fundum sínum þær umsóknir sem borist hafa hverju sinni. Umsóknir sem berast að sumarlagi verða metnar á fyrsta stjórnarfundum hvers skólaárs.

Styrkur greiðist gegn framvísun greiðslukvittunar og gjaldkeri sér um úthlutun.

Finnur Friðriksson kynnti ástæður breytingatillögunnar. Þar sem námssjóður hefur bolmagn til að afgreiða fleiri umsóknir en til hans berast þá var talin þörf á breytingum á reglum sem vonandi verða til þess að fjölga umsóknum. Að öðru leyti eru reglur óbreyttar. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Nýkjörinn formaður Kjartan Ólafsson þakkaði fráfarandi formanni Þóri Sigurðssyni vel unnin störf. Kjartani er óskað velfarnaðar í starfi sem formaður FHA.

Fundi slitið kl 13:30.

Hafdís Skúladóttir, ritaði fundargerð.